

Nr. 18-092 S 064 Viðey RE 50***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2895
IMO: 9756339
Smíðaður: Tyrkland 2017, stál
Útgerð: HB Grandi hf.
Stærð: 1827,40 bt
Mesta lengd: 55,14 m Skráð lengd: 51,77 m
Breidd: 13,50 m Dýpt: 8,20 m
Vél: MAN, 1795 kW, 2016
Fjöldi skipverja: 12



Viðey © Kvótinn.is

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. júní 2018 var Viðey RE 50 á togveiðum á SV miðum. Veður: SSA 4 -5 m/s.

Skipverjar voru að láta trollið fara og voru tveir skipverjar við að hífa upp dauðalegginn. Annar þeirra hafði hönd utan um legginn og varð á milli vírs og blakkar þegar híft var. Skarst hann illa innan í hægri lófa, vísifingur brotnaði og allir liðir á fingrum sem fóru inn í blökkina klemmdust illa. Óskað var eftir aðstoð og björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein fór til móts við skipið, sótti slasaða og fór með hann til Sandgerðis.

Við rannsókn kom fram:

- að spilið fyrir dauðalegginn var bilað og notast var við upphalaraspil í staðinn með blökk sem var hengd upp við hlerann til að hífa hann;
- að upphalaravindunni var stjórnað af öðrum háseta á þilfarinu í um sex metra fjarlægð frá blökkinni og hásetinn við dauðalegginn sneri bakinu í hann;
- að öll spil voru með seinkun sem skipverjar voru óvanir að vinna með;
- að skipverjar voru í prufu veiðiferð og var tilgangurinn að prófa og stilla búnaðinn enda skipið alveg nýtt. Aðeins fóru fjórir hásetar í þessa veiðiferð en ekki var pláss fyrir fleiri þar sem tæknimenn úr landi voru látnir ganga fyrir. Við þetta skapaðist óeðlilega mikið álag á skipverjana vegna þessa en ákvörðun um mönnun í þessari ferð var tekin af útgerðinni;

- að sögn háseta höfðu þeir ekki fengið nema sex tíma hvíld á sólarhring í þessari veiðiferð.

Nefndarálit:

Rekja má slysið til bilunar í spilbúnaði auk þess sem þreyta var farin að segja til sín hjá hásetunum. Þegar spilið bilaði hefðu skipverjar átt að gæta enn frekar að öryggi sínu og félaga sinna

Nefndin vekur athygli á því að þegar áhafnir taka við nýjum skipum ber að framkvæma áhættumat og skipverjar þurfa að gæta ítrustu varkárni meðan þeir kynnast nýjum skipum.